

24/1 '76

A R S S K Y R S L A

Skógarvarðarins á Vesturlandi 1975.

Veðrásfta:

Janúarmánuður var risjóttur með frosti og fannkomu og hélst svo fram eftir vetri. Jörð var klakalítill og í mai komu nokkrir dagar hlýir, en þó komst frost niður í 10° gr. En þrátt fyrir þennan kulda lifnaði trjágróður fyrr en nokkru sinni áður um margra ára skeið, og á þetta rætur sínar að rekja til þess að jörð var að kalla klakalaus. Vert er að geta þess að trjágróður lifnaði fyrr en grasið, og er það óvenjulegt.

Júníarmánuður var mjög kaldur og hlasut af því alvarlegt tjón á trjágróðri, einkum birki.

Águst og september voru góðir og stóð allur jarðargróður í fullum blóma allt til septemberloka.

Október og nóvember voru veðragoðir, en desember hefur verið með afbrigðum veðraslæmur, snjór og rigning á víxl, en við áramót er jörð klakalaus að kalla og spáir það góðu um komandi ár. Sú er reyndin að sé jörð klakalítill framan af vetri verður sjáldan tjón af kali og allur gróður verður árvissari þegar frost er lítið í jörðu á sumarmálum.

Vöxtur trjáa:

Birki fór að laufgast fyrir miðjan mai og var allt vel á vegi statt, en 30. mai gerði allhart frost og hélst það samfleytt til 6. júní, eða 8 daga samfleytt. Afleiðingarnar létu ekki á sér standa - birkigróður stöðvaðist að kalla og aldrei hef ég séð jafn vesældarleg blöð á birki og í sumar, líktust þau illa þroskuðum fjalldrapa-blöðum, auk þess voru þau móleit að sjá og fengu aldrei fagurgrænan lit. Barrtrén virtust þola þennan kulda betur og urðu engin afföll á barrplöntum og litar á barrviðum er vel grænn, vöxtur tæplega í meðallagi. Á þessum stöðum virðist stafafuran vera best heildarlega séð - og sá góði kostur fylgir henni að hægt er að gróðursetja hana í góða og vonda jörð, hún lifir í flestum tilfellum þótt árangurinn sé að vonum misjafn. Fræár er lélegt sem að líkum lætur og sennilega eru spýrunarmöguleikar slæmir.

Starfsfólk:

Það er árvisst að flestir eru ungingarnir í júníarmánuði og fram eftir júlí. Störfum er háttar að þannig að í júní er gróðursett mest af plöntunum, gengið frá græðireitum, borið á ef tími vinnst til, og alltaf verður að grisja eitthvað. Í ágúst og sept. eru girðingaframkvæmdir, grisjun og ýmis fleiri störf. Flest unnu 12 manns, en mjög stuttan tíma. Ólafur Oddsson fra Hálsi var verkstjóri. Vinnan er framkvæmd á mörgum stöðum og er þessu liði skipt undir stjórn okkar Ólafs.

Girðingar:

Viðgerðir eru ávallt töluverðar og tímafrekar. Gömlu girðingarnar eru viðhaldsfrekar, en þó nauðsynlegt að gera viðþær eftir föngum, einkanlega þær girðingar sem verið er að gróðursetja í. Nýjar girðingar eru dýrar og þó verður eftir föngum að gera gömlu girðingarnar upp. Ný girðing var girt í Hörðubólslandi og er framhald af girðingu frá fyrir ári. Alls er girðingin 3,5 km. að lengd.

Petta er allt gróið land að kalla og vænlegt fyrir stafafuru og birki. Girðingin er girt fyrir gjafafé Hákonar Helgasonar. Ekki eru þeir Sauðhússkógarmenn búir með girðinguna og sannast það sem ég hef löngu vitað að aldrei borgar sig fyrir Skógrækt ríkisins að veita ítök innan skógræktargirðinga upp á væntanlegar framkvæmdir þeirra er þar fá að dvelja. Um Skógagirðingu í Þorskafirði gilda aðeins fullkomín yfirráð Skógræktar ríkisins hér eftir.

Skógarhögg - grisjun:

Grisjað var fyrir gróðursetningu í Norðtunguskógi, ennfremur í Arnbjargarlækjagriðingu og Staðarfellsgirðingu. Framundan er nauðsynleg grisjun í Ytrafellsgirðingu.

Aburðargjöf:

Borið var á tré í Jafnaskarðsgirðingu og í Norðtunguskógi. Sem að líkum lætur er það aðeisn örlítill hluti trjáplantna á þessum slóðum, sem hægt er að bera á, enda yrði slikt of kostnaðarsamt.

Græðireitur:

Úr græðireitum voru gróðursettar í vor plöntur sem hér segir:

Birki	1.000	stk.
Stafafura	17.400	"
Lerki	1.500	"
Rauðgreni	11.600	"
Sitkagreni	1.000	"
Bergfura	1.400	"

Samtals: 33.300 stk.

Auk þess voru afgreiddar 3.000 viðjur sem fóru að mestu leiti í skjólbelti.

Dreifsettar voru sem garðplöntur:

Rauðgreni ('69)	2.500	stk.
Stafafura	250	"
Reyniviður (garðpl)	1.450	"
Birki	250	"
Viðja	7.000	"

Samtals: 11.450 stk.

Ennfremur eru í reitnum:

Rauðgreni	21.000	stk.
Stafafura	900	"
Hvítgreni	600	"
Sitkagreni	5.000	"
Birki	2.500	"

Samtals: 30.000 stk.

Pessar plöntur eru hæfar til gróðursetningar í skóglendum, sumarið 1976.

Þá eru í reitnum garð- og skjólbeltaplöntur sem hér greinir:

Rauðgreni	2.500	stk.
Stafafura	250	"
Viðja	30.525	"
Ösp	550	"

Samtals: 33.825 stk.

Í mörg ár hefur aldrei fengist úr því skorið hvað eigi að gera við græðireitinn í Norðtunguskógi, þrátt fyrir ákveðnar spurningar til forráðamanna Skógræktarinnar. Þeir menn hjá Skógrækt ríkisins, sem eiga að gefa svör við spurningum varðandi reitinn og jafnframt leiðbeina um starfrækslu hans, segja aldrei neitt sem hægt er að byggja á varðandi framtíð hans.

Það er staðreynd að birki vex þarna vel, og er með öllu affalla-laust. Þörfin fyrir birki er gífurlega mikil og þyrfti á Vesturlandi einu saman að gróðursetja árlega 300 til 400 þúsund birki, en staðreyndin er að birki er ekki fáanlegt, auk þess sem verðlagið er eftir því. Ef forráðamönum Skógræktarinnar er alvara með að rækta skóg á Íslandi eru þeir siðferðilega skyldugir að láta rækta birki sem forgangsplöntu.

Gróðursetning:

Melsgirðing:

Stafafura	(T - B 816)	6.000	stk.
Bergfura	(T - B 755)	4.500	"
Samtals: 10.500 stk.				

~~Skáðum~~

Síðumúlagirðing:

Stafafura	(N)	1.500	stk.	
Lerki	(N)	150	"	
Bergfura	(V - B 755)	1.500	"	3.000
Birki		250	"	
Stafafura	(T - B 782)	1.000	"	6.000
Samtals: 4.400 stk.				

Norðtunguskógar:

Stafafura	(N - B 670)	12.500	stk.	15.500
Lerki	(N)	1.500	"	1.500
Rauðgreni	(N)	7.000	"	10.000
Bergfura	(T - B 798)	7.500	"	10.000
Stafafura	(T - B 782)	7.500	"	14.500
Samtals: 36.000 stk.				

Hörðubóls- og Geirshlíðagirðing:

Rauðgreni	(N)	1.000	stk.	
Sitkagreni	(N)	500	"	
Stafafura	(N - B 670)	3.400	"	
Birki	(N)	250	"	
Bergfura	(N)	400	"	
Bergfura	(T - B 798)	1.200	"	
Samtals: 6.750 stk.				

Aldri af 1972
en er tilbúin

Staðarfellsgirðing:

Rauðgreni	(N)	3.000	stk.
Bergfura	(T - B 798)	2.000	"
Ymsar plöntur		25	"

Samtals: 5.025 stk.

Auk gróðursetningar á ofangreindum skógarplöntum var mikið gróðursett af lúpínuhnausum í eftirgreindar girðingar:

Norðtungugirðingu
Síðumúlagirðingu
Melsgirðingu
Ytrafellsgirðingu

Í öllum þessum girðingum er um mikið magn af lúpínu að ræða, og var gróðursett í örfoka land. Árangur var afbragðs góður og í september voru allir hnausar vel lifandi og spair það góðu um uppgræðslu á þessu landi.

Samtals hafa verið gróðursettar 62.675 plöntur á þessu ári. Það háir mjög skógrækt á þessum stöðum hve lítið er af birki. Nú bætast árlega margar girðingar skóglausar og í þær þarf fyrst og fremst birki. Móbandsplöntur voru mjög ódrjúgar í reynd, og kemur mikið minna úr mörgum þökum en áætlað er.

Ferðalög og ýmislegt:

Eg var fjarverandi 184 daga í erindum Skógræktarinnar, auk þess intti ég ýmis störf af hendi heima á Hreðavatni við skipti o.fl. varðandi skógræktina.

Helstu ferðir utan héraðs voru þessar: 16. febr. til 23. febr. var ég á skógarvarðarfundi í Reykjavík. 21.-22. og 23. apríl á skógarvarðarfundi í Reykjavík. 14. maí í Grundarfirði. 23. júní, 2. og 3. júlí, 7. og 23. júlí. 11.-19. og 25. ágúst - 13. og 16. sept. var ég í skógræktarerindum í Dalasýslu. 24.-25. sept. var ég á ferð með skógræktarstjóra Hákonni Bjarnasyni og Hauki Ragnarsyni tilraunastjóra í Dölum, varðandi skógræktarmál.

27. okt. fór ég síðustu ferðina í Dalí vegna uppgjörs. Eg dvel í Norðtunguskógi frá því vinna hefst á vorin og þar til öll starfsemi er hætt síðari hluta septembers. Auk þess er ég þar oft á haustin við ýmislegt, því þar eru öll tæki og annað sem skógræktin á og þarf að fylgjast með.

Borgarfjarðarhérað er viðlent og ýmsir vilja leiðbeiningar í sambandi við skógrækt. Ferðir verða því margar vítt og breitt um héraðið, uak þess verður að fara langar ferðir með verkafólk til starfa í ýmsum girðingu.

Það er mjög einkennileg framkoma sem ég verð fyrir gagnvart afskiptum mínum af skógræktarfélögum. Nú er oft um það talað að skógarverðir hafi hönd í bagga með störfum ~~hlutir~~, og vera þeim hjálplegir í störfum. Eg hef talið þetta sjálfssagða skyldu skógarvarða og hef ætlað mér að starfa eftir þeirri reglu.

En svo er mér tilkynnt að ég fái ekkert greitt fyrir akstur umfram 10.000 km. og það sem ég ók fram yfir var strikað út ég fékk það ekki greitt. Að sjálfssögðu er ekki hægt að aðstoða skógræktarfélögum án þess að fórnna tíma og akstri fyrir þessi vanmáttugu skógræktarfélög, en eru hlutirnir svona einfaldir að ég persónulega á að fórnna þessu fyrir félögum á mínu svæði.

Eg tel að málum skógræktarfélöganna sé mjög ábótavant, hefur verið það lengi, og það er kominn tími til að segja okkur skógarvörðunum ákveðið hvort við eigm að sinna beiðni þeirra um aðstoð, eða ansa þeim ekki.

Að minu starfssvæði eru nokkrar vandræða girðingar, ekki fyrir þá sök að löndin séu slæm, heldur vegna þess að inn í þessar girðingar hefur illu heilli verið skákað fólki sem þóttist ætla að gera mikið í skógrækt, en gerir lítið og sumir ekki neitt.

1. Í Munaðarnesgirðingu hafa iðnaðarmenn úr Borgarnesi frá upphafi verið innan skógræktargirðingarinnar og fyrstu árin gróðursettu þeir nokkur þúsund plöntur. Nú um margra ára skeið hafa þeir ekkert gert, en með fullkomnu óleyfi minu eru þeir búnir að byggja stórhýsi innar girðingarinnar.

Það er bersýnilegt að af þeim er einskis að vænta í skógrækt, hinsvegar væri það skógræktinni mikils virði að á þessum stað væri framkvæmd skógrækt, sem væri fyrirmynnd, því staðurinn er einn fegursti blettur heraðsins og barna koma allir sem um Borgarfjörð ferðast. Nú vil ég girða iðnaðarmenn úti, sem kostar nálega ekkert sökum aðstöðunnar og skógræktin taki að fullu öll ~~máx~~ umráð yfir girðingunni og skipuleggi fyrimyndar skógrækt á þessu svæði og verði þá haft í huga hve staðurinn gæti verið mikil auglýsing fyrir skógrækt ef vel tekst til um skógræktarframkvæmdir.

2. Sauðhússkólgargirðing var opnuð fyrir félagasamtökum vegagerðarmanna og áttu þeir að sjá um alla vinnu á sinn kostnað við endurnýjun girðingarinnar, en skógræktin leggur til girðingarefnii. Síðan þetta gerðist eru liðin 4 eða 5 ár og girðingin ekki nærrri fullgerð. Af þessari girðingu hfur skógræktin erfiðleika sökum ágangs búfjár og að sjálfsögðu verður að smala landið.

Ég hef ýtt á eftir þessum framkvæmdum, fæ loforðin, en um efndir er minna. Þá var ég ekki ánægður að heyra það í útvarpi í sumar að boðað væri til almennrar samkomu á þessum stað og mér sem skógarverði ekkert tilkynnt um þetta, annars veit ég ekki um samningagerð við vegagerðarmenn í einstökum atriðum.

Það er míin skoðun að Skógrækt ríkisins uppskeri aldrei annað en skaðann og skömmina af hverskonar samningum um afnot fólks almennt innan skógræktargirðinga.

3. Ég hef undanfarin ár haft afskipti af Skógum í Þorskafirði og fengið valinn man til að annast viðgerð á girðingunni.

Mér er sagt að eigendur Skóga greiði aldrei neitt og legg ég til, sem umsjónarmaður þessarar girðigar, að Skógrækt ríkisins taki girðinguna að fullu í sína umsjá á næsta vori.

Skógræktarlönd:

Ég fagna því að samningar hafa tekist um skógræktarlönd á Húsafelli og vona að gifta fylgi framkvæmdum þar. Skógræktarlönd liggja ekki á lausu og útilokað að kaupa lönd til þeirra hluta. Gott dæmi er, að ~~virðarkot~~ í Borgarhreppi, húsalauð og allslaust, mest myrar- og klapparholt á 3ja hundrað hektarar, er selt í sumar fyrir 14 millj. króna.

Skógræktin er ekki samkeppnisfær í svona braski. Aður hefur verið bent á að färasta leiðin til aukinna landvinninga fyrir skógræktina sé að komast að samkomulagi við bændur um álitlega landspildu til skógræktar. Það munu vera til landspildur fáanlegar á þennan hátt.

Að endingu þakka ég samstarfið á árinu sem er senn liðið og óska skógræktarstarfinu allra heilla á komandi ári.

*Á gagnlæsing 1975
Danill Þiðarsen*